

Ár 2011, föstudaginn 4. nóvember, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun framkvæmdastjóra Umferðarstofu

I.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Umferðarstofa er ríkisstofnun samkvæmt lögum nr. 50/1987 með síðari breytingum. Heyrir því undir kjararáð að ákveða framkvæmdastjóra hennar laun.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 26. ágúst 2011 frá innanríkisráðuneytinu þar sem þess er óskað að kjararáð ákveði laun framkvæmdastjóra Umferðarstofu. Í bréfinu kemur fram að Umferðarstofa hafi starfað frá 1. október 2002 við sameiningu Skráningarstofunnar hf. og Umferðarráðs. Á þeim tíma hefði verið ákveðið að framkvæmdastjóri Umferðarstofu, áður framkvæmdastjóri Skráningarstofunnar hf., héldi óbreyttum launum, en hann hefði nú látið af störfum sökum aldurs. Laun framkvæmdastjóra Umferðarstofu hefðu því ekki verið ákvörðuð af kjararáði. Umferðarstofa starfi á grundvelli umferðarlaga nr. 50/1987, en í XV. kafla laganna sé meðal annars tilgreint hlutverk og verkefni stofnunarinnar. Þá starfi stofnunin í samræmi við umferðaröryggisáætlun stjórnvalda. Hjá stofnuninni starfi tæplega 60 starfsmenn og hafi rekstrarútgjöld undanfarinna ára verið á bilinu sjö til átta hundruð milljónir króna.

Með bréfi dagsettu 14. september 2011 gaf kjararáð fjármálaráðuneyti kost á að leggja fram greinargerð vegna erindisins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð. Einnig var framkvæmdastjóra Umferðarstofu með bréfi dagsettu 14. september 2011 gefinn kostur á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Fjármálaráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 26. september 2011. Í bréfinu sagði að samkvæmt 113. gr. umferðarlaga skipi innanríkisráðherra framkvæmdastjóra Umferðarstofu til fimm ára í senn. Framkvæmdastjóri stjórn rekstri Umferðarstofu og gæti þess að stofnunin starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma. Hann væri á lista fjármálaráðherra yfir forstöðumenn, samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996.

Í bréfi framkvæmdastjórans dagsettu 28. september 2011 sagði að verkefni Umferðarstofu skiptust í meginatriðum í tvö svið, ökutækjasvið og umferðaröryggissvið. Verkefni þeirra væru skráning og tæknimál ökutækja ásamt eftirliti með skoðun þeirra, ökunám, slysaskráningar og umferðaröryggi. Samhliða þessum meginatriðum væru stoðsvið sem sjái um bókhald og fjármál, skjalavörslu, lög og reglur um umferð á vegum, rekstur tölvukerfa og mannauðs- og gæðamál. Á næstu mánuðum væri stækkun stofnunarinnar fyrirséð vegna stækkunar á samnorrænu verkefni sem kallist NorType. Verkefnið sé samvinna skráningaradila ökutækja í Svíþjóð, Noregi, Finnlandi og á Íslandi, sem starfrækt sé hjá Umferðarstofu og fjármagnað af sömu aðilum. Vegna aukningar á umfangi þessara ökutækjaskráninga verði að lágmarki þrír nýir starfsmenn ráðnir.

III.

Umferðarstofu er með umferðarlögum nr. 50/1987 falið það hlutverk að annast stjórnsýslu á sviði umferðarmála. Stofnunin skal veita almenningi fræðslu um umferðarlöggjöf og annað það sem stuðlað getur að umferðaröryggi og bættri umferðarmenningu. Umferðarstofa skal hafa samvinnu við þá aðila, félög, samtök og

stofnanir sem tengjast starfsemi hennar. Fjallað er nánar um hlutverk Umferðarstofu í 112. gr. umferðarlaga. Samkvæmt 113. gr. sömu laga skipar ráðherra framkvæmdastjóra Umferðarstofu til fimm ára í senn. Framkvæmdastjóri stjórnar rekstri hennar og gætir þess að hún starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð hefur ekki áður tekið ákvörðun um laun framkvæmdastjóra Umferðarstofu. Við ákvörðun launa framkvæmastjórans nú var höfð hliðsjón af launakjörum siglingamálastjóra og flugmálastjóra.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun framkvæmdastjóra Umferðarstofu skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. mars 2011 skulu mánaðarlaun framkvæmdastjóra Umferðarstofu vera samkvæmt launaflokki 502-135, nú 715.452 krónur. Að auki skal greiða honum 16 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-126, nú 5.306 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör framkvæmdastjóra Umferðarstofu gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Svanhildur Kaaber

Jónas Þór Guðmundsson

Kolbeinn H. Stefánsson